



Djúpavogshreppur
Bakka 1
765 Djúpivogur

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 10. júlí 2018
Tilv.: UMH18060107/021-58

Þann 28. júní sl. tóku gildi lög nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða. Um er að ræða nýja löggjöf þar sem skipulagslög hafa til þessa ekki kveðið á um gerð skipulags á haf- og strandsvæðum utan lögsögu sveitarfélaga.


Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 88/2018 skal þann 1. september nk. hefja vinnu við gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum og ber umhverfis- og auðlindaráðherra að skipa svæðisráð til að gera strandsvæðisskipulag fyrir umrætt svæði. Skv. 5. gr. laganna skal svæðisráð skipað átta fulltrúum og skulu jafn margir vera til vara. Eftir að strandsvæðisskipulag hefur tekið gildi skal skipan svæðisráðsins gilda þar til að loknum alþingiskosningum og skal þá skipa nýtt svæðisráð.

Ráðherra orku- og ferðamála, ráðherra sjávarútvegsmála og ráðherra samgöngumála skulu hver hafa einn fulltrúa í svæðisráði. Aðliggjandi sveitarfélög skulu einnig hafa þrjá fulltrúa og Samband íslenskra sveitarfélaga einn fulltrúa. Umhverfis- og auðlindaráðherra skal hafa einn fulltrúa sem skal vera formaður svæðisráðs. Sömu aðilar tilnefna jafnmarga varamenn sem skipaðir eru með sama hætti. Taki nýr ráðherra við embætti á miðju kjörtímabili er honum heimilt að tilnefna nýjan fulltrúa í svæðisráðið og sömu heimild hafa sveitarstjórnir viðkomandi sveitarfélaga að loknum sveitarstjórnarkosningum.

Í samræmi við framangreint er þess hér með óskað að aðliggjandi sveitarfélög tilnefni sameiginlega þrjá aðal- og varafulltrúa í svæðisráð um strandsvæðisskipulag á Austfjörðum og að tilnefningar berist ráðuneytinu eigi síðar en 2.ágúst nk. ásamt heimilisfangi og kennitölu viðkomandi.

Ráðuneytið vekur athygli yðar á 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Fyrir hönd ráðherra



Sigríður Auður Arnardóttir

Samrit: Borgarfjarðarhreppur, Fjarðabyggð og Seyðisfjarðarkaupstaður